

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

3. mars 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í síðustu viku var ansi mikið uppbrot hjá skólanum þar sem meðal annars voru foreldraviðtöl. En hins vegar eru að fara í hönd síðustu vikur fyrir páskafrí, þar sem árshátíðarundirbúningur mun fara á fullt.

Starfið framundan:

Árshátíð frestast

Ákveðið hefur verið að fresta árshátíð skólans sem átti að halda föstudaginn 18. mars. Hún verður haldin föstudaginn 1. apríl en beðist er velvirðingar á þessu og vonum við að þið getið látið sjá ykkur þann dag til að eiga góða kvöldstund með skólanum.

Kynfræðingur

Sigríður Dögg, kynfræðingur, kemur og heimsækir 9. og 10. bekk á morgun fimmtudag 3. mars.

Námsráðgjafi

Sigríður Lára, námsráðgjafi, kemur í seinni heimsókn sína til 9. og 10. bekkinga dagana 7. og 8. mars.

Stærðfræðikeppni 9. bekkjar

Miðvikudaginn 9. mars munu nemendur 9. bekkjar taka þátt í stærðfræðikeppninni á vegum FNV. Keppnin er haldin í skólanum á skólatíma. Þeir nemendur sem komast áfram í keppninni munu síðan taka þátt í úrslitakeppninni sem fer fram í FNV föstudaginn 15. apríl.

Skólahreysti

Miðvikudaginn 16. mars keppa nemendur GAV í skólahreysti á Akureyri. Fer keppnin fram í Íþróttahöllinni og hefst kl.13:00. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk fara með keppendum til Akureyrar. Ferðin verður betur auglýst er nær dregur.

Upplestrarkeppni

Upplestrarkeppnin verður haldin í skólanum fimmtudaginn 17. mars kl.16. Þar keppa 7. bekkingar um það hver þeirra verður valinn sem fulltrúi okkar á Stóru upplestrarkeppninni sem haldin verður á Sauðárkróki þriðjudaginn 12. apríl

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi